

Fundargerð Upplýsingaráðs 1 Febrúar

Mættir: Heiður Dögg, Halldór Valberg, Guðný Rós

Ekki mættir: Helga og Jón Halldór boðuðu forföll, Sigríður skrifstofustjóri var veik og komst ekki

Fundur settur klukkan 5.

Dagskrárefni:

Uppfærsla búningareglna: Uppfærð útgáfa sem unnin var á seinasta fundi var send ráðsmönnum fyrir helgi. Engar alvarlegar athugasemdir settar við útgáfuna og allir sáttir. Nýju búningareglurnar verða sendar til stjórnar til yfirferðar og vonandi samþykktar. Ef þær verða samþykktar að þá verða þær kynntar á félagsforingjafundi næstkomandi 13 febrúar.

Skátaþing – fjölmiðla og samskiptaplan:

skemmtilegt að hafa umfjöllun um:

- hver er með fjölmennasta hópinn á þingi
- Hver er með minnsta hópinn á þingi. Af hverju svona fáir?
- Hver er með flestu ungmennin/ lægsta meðalaldurinn
- Hver er með elsta meðalaldurinn / elsta einstaklinginn
- Heitustu málin sem koma upp (ef einhver)
- Hverjir hlutu kosningu
- Umræðuhóparnir

Samfélagsmiðlar sem skal nota:

- Twitter – skapa umræðu – fá aðila til að pósta inn og búa til líf. Stuttar stöpuuppfærslur
- Facebook – setja inn myndir frá hverjum degi fyrir sig og frá helginni seinna meir. stuttar stöðuuppfærslur og lengri fréttir inn á milli.
- Instagram: Setja inn skemmtilegar myndir úr pásum og umræðuhópum. Nota Instagrammið fyrir Skátagleðina á laugardagskvöldinu. Félagamyndir?
- Snapchat: Kynna Skátaþing og fá yngri krakka til að fá áhuga á komandi skátaþingum. Fá skemmtilegan þul til að kynna skátaþing og ferlið fyrir yngri kynslóðinni og reyna að peppa þau
- Hashtag: skátaþing2016

Verkefnalistinn:

Ungir Talsmenn: Rætt um námskeiðið og jákvæða útkomu þrátt fyrir fámenna þáttöku. Virkilega virkur hópur ungra talsmanna orðinn til sem er strax orðinn nothæfur. Nokkrir skátar eru strax búnir að vera notaðir til að keyra samfélagsmiðla á Vetrarmóti Reykjavíkurskáta 29 – 31 janúar.

Skátablaðið: Umræða um hvenær næsta blað skuli koma út. Í vor? Svo hægt sé að kynna af krafti sumarstarfið, landsmót og önnur skátamót. Önnur greinarefni: Skátaþing, Vetrarskátamót, Ungmennapening, Á Norðurslóð, minni liðnir viðburðir. Komandi viðburðir: Roverway, Viðeyjarmót,

Vormót, Landsmót, Blair Atholl, Bland í poka. Viðtal við dróttskátaflokk/sveit. Sumarskátun og útilífsskólinn og sumarbúðir. Að vera sjálfbóðaliði á Úlfljótsvatni grein.

Sumarblað eftir sumarið sem kemur út í Ágúst eða September? Hvernig gekk í sumar? Hvernig gengu mótin? Reyna að fá greinar aðsendar frá félögunum!!!!

Samskiptaáætlunin: Hver er staðan á henni? Þarf að sjá til þess að facebook hópar eins og Ungir Talsmenn og Tækifæri í Alþjóðastarfi sem eru hópar á vegum ráða BÍS séu nothæfir og samkvæmt reglum.

Önnur mál:

Vetrarskátamót SSR: Halldór og Guðný skelltu sér á Vetrarskátamót og tóku myndir og vídjó. Stofna vídjóbanka? Umræða um ljósmyndanotkun frá Vetrarskátamóti í frétt mbl.is.

Félagsforingjafundur: Er 13 febrúar. Vonandi fáum við að kynna nýja og uppfærða búningareglugerð.

Ungmennafélag: Passa upp á að samfélagsmiðlarnir séu virkir á þeim viðburði. Fá einhverja úr Ungir Talsmenn hópnum til að sjá um það.,

Samfélagsmiðlaáætlunin: Byrjað að vinna í henni á Ungum Talsmönnum. Þarf að klára hana, renna yfir og fá samþykka hjá stjórn svo hægt sé að kynna niðurstöður á Skátaþingi. T-in fjögur. Farið yfir á næsta fundi.

Skátabúðin: Hvað er í henni? Auglýsing til almennings um vöruval. Hvað getum við gert til að koma þessum vörum á framfæri? Senda út könnun til fólks hvort það þekki vöruúrvalið í Skátabúðinni. Hægt að setja inn á Rekkar á Íslandi, Skátar á Íslandi, Fantasíuhópin etc.

Framboð til Skátaþings: Muna að senda inn framboð til uppstillingarnefndar sem fyrst.

Næsti fundur: Ákveðið að næsti fundur sé 8 febrúar og þarnæsti sé 22. febrúar.

Dagskrárhugmyndir fyrir næsta fund: Samfélagsmiðlaáætlun, ræða niðurstöður frá stjórn með búningareglugerðina ef þær eru komnar, samskiptaáætlunin, breytt umhverfi í vefmálum og útgáfu.

Fundi slitið kl. 18:35

Fundargerð ritaði Heiður.